

Bekkur: 5.bekkur

Námsgrein: Samfélagsreinar

Kennarar: Einar S. Sigurðsson og Helga Harðardóttir

Tímafjöldi: 5



*Sjálfstæði - virðing - samhugur - ábyrgð*

Námsgögn:

Ísland: Hér búum við – lestrar- og vinnubók, Litlu landnemarnir, Leifur heppni, ýmis kortaverkefni, klípusögur, bekkjarfundir, stelpu/strákafundir o. fl.

Námsflokka	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
------------	-------------	---------------	---------

<p><b>Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann</b></p>	<p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika.</li> <li>• geti greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, menningu og sögu.</li> <li>• geti gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis og hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar þeirra.</li> <li>• geti lýst þróun íslensks þjóðfélags og áhrifaþáttum.</li> <li>• geti gert grein fyrir hlutverki nokkurra helstu stofnana samfélagsins.</li> <li>• átti sig á mikilvægi slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum og nærsamfélagi.</li> <li>• geti skýrt tengsl samfélags, náttúru og lífsviðhorfa fyrr og nú á Íslandi.</li> <li>• geti lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður.</li> <li>• átti sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.</li> <li>• geti greint hvernig menning og saga birtist í textum og munum, hefðum og minningum (mismunandi svæða og landa).</li> <li>• geti gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu.</li> <li>• geti nefnt dæmi um einkenni Íslands í ljósi legu, sögu og menningar landsins.</li> <li>• átti sig á hvernig loftslag og gróðurfar hefur áhrif á búsetu og lífsskilyrði.</li> <li>• geti velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af.</li> <li>• geti gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra.</li> </ul>	<p>Unnið verður með tvö stór þemu; annars vegar landafræði Íslands og hins vegar landnám Íslands, menningu og sögu á landnámsöld.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Unnið verður á fjölbreyttan hátt með innlögnum, hópavinnu, gagnaöflun í bókum og á vef, umræðum og sjálfstæðri vinnu.</li> <li>• Vettvangsferðir á Landnámsetur Íslands og Þjóðminjasafnið.</li> </ul>	<p>Leiðsagnarmat Vinnubækur Hópaverkefni Könnun.</p>
--	--	---	--

- |  |  |  |  |
|--|--|--|--|
|  | <ul style="list-style-type: none"><li>• geti lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga.</li></ul> |  |  |
|--|--|--|--|

<p><b>Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• geti áttað sig á kynhlutverkum og hvernig þau mótast og breytast.</li> <li>• geti tileinkað sér holla lífshætti.</li> <li>• geti gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.</li> <li>• geti gert sér grein fyrir að öll skiptum við máli</li> <li>• geti lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.</li> <li>• geti sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lífsleikniverkefni, greina styrkleika og veikleika, sjálfstyrking ofl.</li> <li>• Bekkjjarfundir</li> <li>• Nemendur hafa val um að fara vikulega í Búbbbluna.</li> </ul>	<p>Sjálfsmat Virgni / Símat Hópavinna.</p>
<p><b>Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• geti tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.</li> <li>• geti tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur.</li> <li>• geti rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.</li> <li>• geti borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt skoðanir og lífsgildi þess.</li> <li>• geti sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.</li> <li>• geti tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt.</li> <li>• geti metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt.</li> <li>• geti rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra (bekkjarsáttmálinn).</li> <li>• geti sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur vinna bekkjarsáttmála</li> <li>• Nemendur ræða saman á bekkjarfundum og taka ákvarðanir sem skiptir máli fyrir þau sjálf og bekkjarfélaga. Rýnt verður í samskipti í gegnum hópaverkefni og hópleiki.</li> <li>• Nemendur þjálfast í að leysa sjálfir mál sem upp koma í samskiptum.</li> <li>• Nemendur öðlast getu í að vinna með öðrum og beita lýðræðislegum vinnubrögðum.</li> </ul>	<p>Hópavinna / Paravinna Umræður</p>

	<p style="text-align: center;"><b>Lykilhæfni</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• geti hlustað eftir rökum og upplýsingum í samræðum og byggt upp röksemdarfærslu í máli sínu og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.</li><li>• Geti skilgreint viðmið um árangur.</li><li>• Geti lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt.</li><li>• Geti vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.</li></ul>		
--	--	--	--